

BORGARALEG FERMING 2019

VINSAMLEGAST GEYMIÐ ÞETTA UPPLÝSINGAHEFTI



Ágætu fermingarbörn, foreldrar og aðrir aðstandendur.

Lista með nöfnum allra fermingarbarnanna má finna hérna á [vef Siðmenntar](#).

Í dálkum 2 og 3 má sjá í hvaða athöfn og námskeið viðkomandi barn er skráð og í dálki 4 hvenær barnið á að mæta fyrst í námskeiðið.

Kennslustjóri og aðalkennari er Jóhann Björnsson heimspekingur og kennari. hs: 553-0877, gsm: 844-9211 - netfang: johann@sidmennt.is

Mætingarskylda er í tíma. **Forföll skal tilkynna beint til kennara.** Fermingarbörnum og aðstandendum þeirra er velkomið að hafa samband við kennara í síma eða með tölvupósti.

Í Reykjavík verða haldin sextán 11-vikna námskeið og tvö helgarnámskeið. Á Akureyri verða 2 helgarnámskeið og í Reykjanesbæ, á Akranesi, Selfossi og Egilsstöðum verður haldið eitt helgarnámskeið á hverjum stað sem kennt er yfir tvær helgar.

Upplýsingar um 11-vikna námskeiðin:

Á mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudögum verða þrjú hópar (A, B og C). Á fimmtudögum verða fjórir hópar (A, B, C og D). Allir hópar verða kenndir samtímis. Tímaplanið er sem hér segir:

<u>Mánudagar</u>	<u>A/B/C</u>	<u>kl. 16:40 til 18:00</u>	<u>byrjar 7. janúar</u>
<u>Þriðjudagar</u>	<u>A/B/C</u>	<u>kl. 16:40 til 18:00</u>	<u>byrjar 8. janúar</u>
<u>Miðvikudagar</u>	<u>A/B/C</u>	<u>kl. 16:40 til 18:00</u>	<u>byrjar 9. janúar</u>
<u>Fimmtudagar</u>	<u>A/B/C/D</u>	<u>kl. 16:40 til 18:00</u>	<u>byrjar 10. janúar</u>
<u>Föstudagar</u>	<u>A/B/C</u>	<u>kl. 15:40 til 17:00</u>	<u>byrjar 11. janúar</u>

Öll ofangreind 11-vikna námskeið fara fram í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Farið er inn um suður-inngang MH. A hópur verður í stofu 22, B hópur í stofu 26, C hópur í stofu 28 og D hópur í stofu 30.

Jóhann verður með GSM símann sinn ef einhver finnur ekki kennslustofurnar.

Undir lok námskeiðs verður foreldrum / forráðamönnum boðið að koma og fræðast um það sem hefur verið gert.

Upplýsingar um öll helgarnámskeiðin:

Kennslan fer fram yfir 2 helgar eða 2 laugardaga og 2 sunnudaga. Hefst hún kl. 10:00 alla dagana og stendur til kl. 16:00 á laugardögum og til 15:00 á sunnudögum. Nánari upplýsingum um öll námskeiðin verður dreift með tölvupósti til þátttakenda þegar nær dregur.

Reykjavík:

Staður: Réttarholtsskóli, Réttarholtsveg 10

Fyrri hluti: Laugardaginn 2. og sunnudaginn 3. febrúar

Seinni hluti: Laugardaginn 2. og sunnudaginn 3. mars

Það verða tveir hópar í gangi á helgarnámskeiðinu sem verða kenndir samtímis. Hópur A verður í stofu 12 og hópur B í stofu 13. Gengið er inn í skólabygginguna frá hringtorgi við skólann. Tekið verður á móti þátttakendum þar við innganginn. Jóhann verður með GSM símann á sér. Ekki hefur verið ákveðið hvort boðið verður upp á foreldratíma fyrir foreldra barna á helgarnámskeiðinu. Haft verður samráð við þátttakendur síðar um þetta mál. Aðalkennari í Reykjavík er Jóhann Björnsson.

Reykjanesbær:

Staður: Skátaheimilið, Hringbraut 101, Keflavík

Fyrri hluti: Laugardaginn 19. og sunnudaginn 20. janúar

Seinni hluti: Laugardaginn 16. og sunnudaginn 17. febrúar

Kennari í Reykjanesbæ er Jóhann Björnsson.

Selfoss:

Staður: Héraðssamband Skarphéðins - Selið, Engjavegi 48

Fyrri hluti: Laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. janúar

Seinni hluti: Laugardaginn 16. og sunnudaginn 17. mars

Kennari á Selfossi er Jóhann Björnsson.

Akureyri:

Staður: Verkmenntaskólinn á Akureyri

Fyrri hluti: Laugardaginn 2. og sunnudaginn 3. mars

Seinni hluti: Laugardaginn 6. og sunnudaginn 7. apríl

Aðalkennari á Akureyri er Valgerður Dögg Jónsdóttir, en hér verða tveir hópar kenndir samtímis.

Egilsstaðir:

Staður: Fundarsalurinn í Kaupvangi 6 (efri hæð)

Fyrri hluti: Laugardaginn 26. og sunnudaginn 27. janúar

Seinni hluti: Laugardaginn 23. og sunnudaginn 24. mars

Kennari á Egilsstöðum er Jóhann Björnsson.

Akranes:

Staður: Rauði krossinn á Akranesi – Skólabraut 25a

Fyrri hluti: Laugardaginn 9. og sunnudaginn 10. febrúar

Seinni hluti: Laugardaginn 9. og sunnudaginn 10. mars

Kennari á Akranesi er Jóhann Björnsson.

Fimmtán fermingarathafnir vorið 2019

Haldnar verða fimmtán fermingarathafnir næsta vor. Þrjár athafnir verða haldnar í Háskólabíói, þrjár athafnir í Salnum í Kópavogi, tvær athafnir í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, og ein á hverjum stað í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Reykjanesbæ, Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, Háskólanum á Akureyri, Tónbergi (Tónlistarskólanum á Akranesi) og á Neskaupstað, Húsavík og Ísafirði.

Athafnirnar í Reykjavík taka um eina klukkustund hver en aðrar athafnir eru eitthvað styttri. Hópmyndataka (í Reykjavíkur-, Kópavogs- og Garðabæjarathöfnum) verður strax á eftir hverri athöfn en hún tekur yfirleitt um 20 mínútur. **Æfingar** fyrir athafnirnar í Háskólabíói, Salnum og FG verða daginn fyrir athöfn. Æfingar fyrir athafnir annars staðar verða fyrr um daginn, sama dag og athafnirnar fara fram. Nánari almennar upplýsingar um æfingar og athafnir verða sendar ykkur tímanlega.

Upplýsingasíða borgaralegrar fermingar

Nánari upplýsingar um staðsetningar og tíma- og dagsetningar athafnanna má finna á upplýsingasíðu BF: <http://sidmennt.is/ferming/bf2019/> Þessi síða ætti ávallt að vera sá staður sem þið farið á fyrst til að leita að upplýsingum um námskeiðið, athafnirnar eða ef þið hafið einhverjar spurningar sem ykkur vantar svör við.

Ef barn hættir í borgaralegri fermingu

Ef barn hættir við þátttöku í borgaralegri fermingu skal láta vita annað hvort með því að senda tölvupóst á ferming@sidmennt.is eða hringja í Siggeir F. Ævarsson, framkvæmdastjóra Siðmenntar, í síma 612-3295.

Okkur vantar tillögur

Eftir að námskeiðin hefjast verður kannað hvaða fermingarbörn hafa áhuga á að koma fram í sinni athöfn t.d. með hljóðfæraleik, ljóðalestur, ávarp, söng, dans eða annað menningarlegt atriði. Það væri gott að byrja að hugsa um þessi mál núna til þess að vera tilbúin með svör þegar við spyrjum.

En núna biðjum við ykkur um tillögur að utanaðkomandi ræðumanni. Gert er ráð fyrir einum utanaðkomandi ræðumanni í hverri athöfn sem gæti gefið fermingarbörnunum holl ráð, gott veganesti í lífinu og tala t.d. um umburðarlyndi, gagnrýna hugsun, fjölbreytileika, rétt fólks til að vera öðruvísi, eða eitthvað um unglingsárin og þessi tímamót. Það er að sjálfsögðu kostur að viðkomandi sé skemmtilegur ræðumaður og geti fært börnunum í senn upplifun og innblástur um það hvernig manneskjur þau vilja verða í framtíðinni.

Hér er [yfirlit yfir ræðumenn](#) á borgaralegum fermingarathöfnum frá upphafi. Gott er að kíkja yfir listann til að sjá hverjir hafa verið áður ræðumenn á athöfnum Siðmenntar til að forðast endurtekningar.

Ef þú hefur tillögu um ræðumann, vinsamlegast sendar þær á ferming@sidmennt.is og nefndu í hvaða athöfn þú myndir vilja fá hann, t.d. ef viðkomandi er utan af landi.

Varðandi greiðslur

Vinsamlegast hringdu í skrifstofu Siðmenntar (612-3295) ef þú hefur einhverjar spurningar um greiðslur sem er ekki svarað í kaflanum um kostnað á þessari slóð hér: sidmennt.is/ferming

Tölvupóstsamskipti og ruslpóstvarnir

Eitthvað hefur borið á því að póstar frá Hope, Þorsteini eða öðrum innan Siðmenntar sem halda utan um undirbúning BF hafi ekki alltaf skilað sér til allra. Við viljum því biðja ykkur um að bæta eftirtöldum netföngum við addressubækur/contact lista ykkar, til að minnka líkurnar á að póstarnir endi í spam / ruslmöppum ykkar:

steini@sidmennt.is
hopeful@islandia.is
skrifstofa@sidmennt.is


ferming@sidmennt.is
johannbjo@gmail.com
johann@sidmennt.is

Þrátt fyrir þetta getur verið nauðsynlegt fyrir ykkur að kíkja af og til í ruslmöppuna hjá ykkur og skoða hvort eitthvað leynist þar frá Siðmennt.

MailChimp póstlistaforritið

Þegar við sendum pósta á mjög marga notum við póstlistaforritið MailChimp til þess að senda póstana. Sá póstur getur einnig verið rusl-flokkaður og gmail t.d. virðist flokka pósta sendan úr kerfum MailChimp sem auglýsingapóst/promotion og setur í þann flipa á gmail.com. Þannig fara þessir póstar oft fram hjá fólki sem skoðar sjaldan þennan flipa. Athugið þetta því þar. Einnig er hægt að „kenna“ gmail að setja ekki pósta frá okkur í þann flipa og setja þá í „Primary“ þess í stað sjálfkrafa.

1. Það er gert með því að búa til Filter í desktop útgáfu gmail.com. Byrjið á að opna póst frá okkur og veljið Show details með því að ýta á örina niður efst í póstinum (brúni hringurinn, nr. 1) og þá birtist glugginn fyrir neðan:





Þarna er valið „Filter messages from this mailing list“ (rauði hringurinn, nr. 2).

2. Þá kemur upp þessi valmynd hér fyrir neðan þar sem í „Includes this words“ er komið nafn listans frá mailchimp.

Ýta skal svo á Create filter.

3. Við það kemur upp þessi valmynd hér fyrir neðan, þar sem hakað er við Primary í „Categorise As“ og einnig er gott að haka við „Also apply filter to...“ valmöguleikann þar fyrir neðan svo filterinn færi öll skilaboð frá okkur yfir í Primary í einu.



Lokastigið er svo að ýta á Create Filter á þessari valmynd og þá er það komið.

Með bestu kveðju,

Hope Knútsson, Þorsteinn Kolbeinsson og Siggeir F. Ævarsson